

32. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 28. nóvember 2019 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Sigrún Svafa Ólafsdóttir, varafulltrúi Keilis

Jóhann Friðrik Friðriksson, fulltrúi Keilis boðaði forföll og varafulltrúi mætti í hans stað. Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundur og uppákomur

Forstöðumaður fór yfir helstu fundi og uppákomur síðustu vikna. Þar á meðal dvöl alþjóðlegs hóps meistaránema í tónlist í Þekkingarsetrinu, ársfund þekkingarsetra og sambærilegra stofnana sem haldinn var í fjarfundi 2. október síðastliðinn, starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem haldin var 16. október af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum en Þekkingarsetrið sér um skipulagningu og framkvæmd kynningarinnar, fræðsluerindið Hvert fara kjóarnir? sem haldið var af Sölva Rúnari Vignissyni 23. október og loks samráðsfund Þekkingarsetursins og Mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 12. nóvember.

2. Rekstraráætlun næsta árs

Forstöðumaður fór yfir drög að rekstraráætlun ársins 2020 sem var samþykkt án athugasemda. Áætlunin gerir ráð fyrir tæplega 3 milljón króna halla í lok árs. Launakostnaður hefur hækkað mikið á síðustu árum vegna hækkana en fjárframlag frá ríkinu nánast staðið í stað. Ekki er gert ráð fyrir neinum sérstökum breytingum í starfsemi setursins á næsta ári.

3. Viðhaldsáætlun næsta árs

Forstöðumaður sagði frá því að óvæntar bilanir í tækjabúnaði undanfarið muni að miklu leyti stýra viðhaldi næsta árs. Endurnýja þarf umgjörð um fiskabúr í sýningarrými, og skipta um búr þar sem þau gömlu voru farin að leka. Þá verður loftun færð út úr húsinu eins og stefnt hafði verið að og loftunarherbergið lagað.

4. Endurskoðun á stefnu Þekkingarsetursins

Stjórn fór yfir stefnu Þekkingarsetursins frá árinu 2013 og gerði smávægilegar breytingar.

5. Önnur mál

Engin önnur mál. Næsti fundur verður fimmtudaginn 5. mars kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 15:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Sigrún Svafa Ólafsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign